

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997 - 2017, útvistar- og frístundabyggðarsvæði við Þóroddsstaði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. apríl 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997-2017 frá 5. ágúst 1999.

Breytingin felst í því að meginhluti landbúnaðarsvæðis við Þóroddsstaði og Sandhól verður opið svæði til sérstakra nota (útvist og íþróttir), ætlað fyrir golfvöll. Umhverfis Þóroddsstaði verður áfram afmarkað landbúnaðarsvæði. Sunnan við Sandhól og norðan og vestan við Fitjatjörn er gert ráð fyrir svæði fyrir frístundabyggð í stað óbyggð svæðis.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 10. apríl 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.